

apríl 2023

**Minnisblað fræðslu- og menningarsviðs um
fyrirhuguð sumarnámskeið fyrir 6-9 ára börn í
Garðabæ 2023**

Skjal sótt af '000000000000' dags: 25.03 2026

Efnisyfirlit

.....	0
Inngangur	2
Sumarnámskeið í Garðabæ 2023	3
Námskeið og aðstaða	3
Starfsmenn félaganna	4
Samanburður milli sumra	4

Inngangur

Haustið 2022 vann fræðslu og menningarsvið minnisblað um stöðu frístunda- og tómstundastarfs fyrir 6-9 ára börn í Garðabæ.

Helstu áherslur sem þar komu fram varðandi sumarstarfið 2022 voru eftirfarandi:

- Námskeið þurfa að vera í boði fyrir börnum eftir skólaslit og í vikunni áður en skóli hefst.
- Skoða þarf aukið framboð sumarnámskeiða í samstarfi við frjáls félög eða sumaropnun frístundaheimila (júní og ágúst).
- Skoða þarf frístund fyrir fötluð börn í 1.- 4. bekk – mörg þeirra ráða ekki við að vera í miklum fjölda.
- Uppselt var á mörg námskeið í sumar.
- Samfella þarf að vera í dagskrá barna.

Á grunni þess ákvað bæjarstjórn í tengslum við fjárhagsáætlunargerð fyrir 2023 að auka áherslur á að styðja frjálsu félögin í að halda úti námskeiðum allt sumarið með hádegisgæslu, fremur en að reka „sumarfrístund“ á vegum bæjarins.

Í meðfylgjandi minnisblaði er lögð áhersla á að draga fram og fá yfirsýn yfir þau frístundatilboð sem frjáls félög í Garðabæ bjóða upp á sumarið 2023.

Við vinnslu minnisblaðsins var óskað gagna hjá félögum innan bæjarins. Við samantekt á þeim gögnum kemur í ljós að 20 aðilar, félög eða deildir bjóða námskeið í sumar.

Sérstaklega var fundað með Stjörnunni, UMFÁ og skátafélögunum Vífli og Svönum. Þar var óskað eftir því að félögin byðu upp á heilsdagsnámskeið með hádegisgæslu sem næði yfir allt sumarið.

Sumarnámskeið í Garðabæ 2023

Í Garðabæ eru 20 félög/deildir (Stjarnan með 6 undirdeildir) eða sjálfstæðir hópar sem bjóða námskeið. Í töflu 1. má sjá yfirlit yfir þessi félög og staðsetningu námskeiða.

Námskeið og aðstaða

Stjarnan mun nýta íþróttamannvirkin í Ásgarði og hafa aðstöðu fyrir íþróttaskólann eftir hádegi í lausum kennslustofum milli Garðaskóla og Flataskóla. Deildir Stjörnunnar eru með námskeiðin fyrir hádegi og bjóða upp á hádegisgæslu fyrir þau börn sem eru hjá þeim allan daginn.

Takmörkuð aðstaða er í Urriðaholti meðan ekki er risið íþróttahúsi og framkvæmdir standa yfir við skólahúsnaðið. Stjarnan stefnir að því bjóða upp á tvo möguleika; að taka móti börnum í Urriðaholti að morgni og fylgja þeim í Ásgarð þar sem deildir félagsins eru með námskeið fyrir hádegi en íþróttaskóla eftir hádegi. Samhliða er einnig verið að skoða hvort hægt verði að bjóða upp á starfsemi í Urriðaholti eftir hádegi með tengingu/samstarfi við Golfleikjanámskeið Odds sem er á Urriðavellinum fyrir hádegi. Börnin fá þá aðstöðu í Urriðaholtsskóla fyrir hádegisgæslu og afdreip undan veðri.

Tafla 1. Félög og deilda sem bjóða sumarnámskeið í Garðabæ 2023 og staðsetning þeirra.

Félag/deild	Hvar í Garðabæ
Sprettur -hestamf.	Kjóavellir
Skátafélagið Vífill	Jötunheimar
Klifið	Garðatorg
Stjarnan Handbolti	Ásgarður
Stjarnan Korfubolti	Ásgarður
Stjarnan Fótolti	Ásgarður
Stjarnan Fimleikar	Ásgarður
Stjarnan Íþróttaskóli	Ásgarður/Urriðaholt
Stjarnan Sund	Ásgarður/Álftanes
GKG	Hofsstaðavöllur
Oddur Urriðaholti	Urriðavöllur
Draumar	Garðatorg
Sumarhraun fatlaðra	Garðaskóli
UMFÁ knattspyrna	Álftanesvöllur
UMFÁ karfa	Íþrh. Álftanesi
Svanir skátaf. Álftanesi	Frístund Álftanesi
Sóti hestamf. Álftanesi	Reiðhöll Sóta
Skapandi sumarnsk. Álftanesi	Álftanesskóli
Bókasafn Garðabæjar	Garðatorg
Krummar BMX	Lundaból

Skátafélagið Vífill verður með tvö námskeið frá 9-15 við sitt félagsheimili sem er miðsvæðis í Garðabæ.

Á Álftanesi verður skátafélagið Svanir með útilífsnámskeið 9-15 í júní og júlí í húsnaði frístundar. Unnið er að því að manna námskeið síðustu tvær vikurnar fyrir skóla byrjun. UMFÁ verður með knattspyrnunámskeið og korfuboltanámskeið, hestamannafélagið Sóti er með reiðnámskeið og Skapandi sumarnámskeið barna, sem er einkarekið námskeið, verður með námskeið í grunnskólanum.

GKG er með golfleikjanámskeið á Hofsstaðavelli með aðstöðu í Mýrinni eftir þörfum.

Sprettur er með reiðnámskeið á sínu svæði við hesthúsabyggðina.

Draumar eru með námskeið sem fara fram í Sjálandsskóla.

Frístundaheimili fyrir 1.-4. bekk eru opin yfir vetrartímann á starfstíma grunnskóla. Þau hefja aftur starfsemi þann 14. ágúst og taka á móti börnum sem hefja nám í 1. bekk skólaárið 2023-24

Sumarstarf fyrir fötluð börn er starfrækt á vegum Garðahrauns og verður staðsett í útstofunum við Garðaskóla, Sú staðsetning hentar vel þar sem stutt er fyrir börn að sækja almenn námskeið eins og hjá Stjörnunni eða skátunum.

Þjónusta á sumarnámskeiðum fyrir börn með sérþarfir í 1.- 7. bekk í grunnskólum Garðabæjar er með tvennum hætti. Annars vegar er hægt að óska eftir stuðning á sumarnámskeið og hins vegar hefur verið boðið upp á sértæk sumarnámskeið.

Megintilgangur stuðnings á sumarnámskeið er að gera börnum með sérþarfir kleift að sækja almenn námskeið. Hægt er að óska eftir stuðningi á námskeið sem haldin er í Garðabæ í allt að 7 vikur á 10 vikna tímabili (frá eftir skólaslitum og fram í miðjan ágúst).

Sértækum sumarnámskeiðum er ætlað að koma til móts við börn sem ekki finna námskeið við hæfi og þau sem hafa ekki tök á að sækja hefðbundin sumarnámskeið, þó að stuðningur sé til staðar. Markmið sértæka sumarnámskeiðsins er að bjóða upp á einstaklingsmiðaða nálgun þar sem unnið er með styrkleika hvers og eins og komið til móts við ólíkar þarfir.

Starfsmenn félaganna

Sú krafa er gerð til félaga að allir leiðbeinendur fullnægi ákveðnum gæðakröfum eins og að hafa hreint sakavottorð og fari á undirbúningsnámskeið fyrir starfsfólk sem haldið er í samvinnu við Vinnuskólann. Þar er meðal annars boðið upp á skyndihjálparfræðslu og uppeldisfræðslu.

Félögin í Garðabæ hafa fengið úthlutað starfsfólki úr potti sumarstarfa í Garðabæ auk fjármagnsstuðnings til að ráða fagfólk í að stjórna námskeiðum. Þau ungmenni sem eru yngri en 18 ára eru aðstoðarfólk á námskeiðum en bera ekki ábyrgð á börnum. Garðabær hefur einnig sett inn aukið fjármagn til að tryggja að námskeið falli ekki niður þó skráning á þau verði takmörkuð.

Samanburður milli sumra

Hér er samantekt tilboðum um sumarnámskeið nokkurra félaga í Garðabæ fyrir 6 til 9 ára börn.

Á yfirliti frá 2022 eru 87 námskeiðum skipt niður á allar vikur sumarsins (tafla 2). Til samanburðar er yfirliti sumarsins 2023 (tafla 3) skipt niður eftir vikum. Framboð námskeiða hefur stórauðist á milli sumra og eitthvað er í boði alla vikur sumarsins.

Tafla 2. Fjöldi sumarnámskeiða sem voru í boði sumarið 2022

Fjöldi sumarnámskeiða í boði 2022 eftir vikum											
Tímabil	Vífil	Stj. Fiml	Stj. Krösp	Stj. Hand	Stja. Karfa	Stj. Íþrsk	Stj. Sund	GKG	UMFA	Samtals	
13.-16. júní 2022	2	1	1	1	1	1	2	2	1	12	
20.-24. júní 2022	2	1	1	1	1	1	2		1	10	
27. júní-1. júlí 2022	2	1	1	1	1	1	2	2	1	12	
4.-8. júlí 2022	2	5	1	1	1	1	2		1	14	
11.-15. júlí 2022	2	2	1	1	1	1	2	2		12	
18.-22. júlí 2022							1	2		3	
25.-29. júlí 2022							1	2		3	
2.-5. ágúst 2022	2	1	1	1	1	1			1	8	
8.-12. ágúst 2022	1	1	1	1	1	1	1	2		9	
15.-19. ágúst 2022		1					1	2		4	
											87

Tafla 3. Fjöldi sumarnámskeiða sem verða í boði sumarið 2023

Tímabil	Vífill	Stj.fiml.	Stj.knsp.	stj.hakn.	Stja.karfa	Stj.íþrskóli	Stj.sund	Stj.su.Álftan	GKG	UMFÁ	Svanir	Sprettur	Sóti	Kliffið	Bókasafnið	List.Álftan	Sumarhraun	Samtals
12.-16.júní	4	2	2	2	2	1	2	2	2	6	2	2	1	1	1	2	1	34
19.-23.júní	4	2	2	2	2	1	2	2		6	2	2		2		2	1	31
26.-30.júní	4	2	2	2	2	1	2	2	2	6	2			2		2	1	31
3.-7.júlí	4	2	2	2	2	1	2	2		6	2	2		1		2	1	30
10.-14.júlí	4	2	2			1	2	1	2	6		2					1	22
17.-21.júlí	2					1	2	1	1			2					1	9
24.-28.júlí		1				1			1			2					1	5
31.-4.ágúst		1		2	2	1											1	6
8.-11.ágúst	2	1	2	2	2	1	2	1	1	6	2						1	22
14.-18.ágúst	2		2	2	2	1	2	1	1	6	2						1	21

211

Vífill, Stjarnan og Svanir verða með tilboð um allan daginn með hádegisgæslu. Beðið er svara frá frá fleiri félögum. Seinni hluta júlímánaðar er dregið verulega úr framboði enda hátími sumarleyfa.

Samantekt

Hér hafa verið settar fram upplýsingar frá þeim aðilum sem bjóða sumarnámskeið í Garðabæ 2023. Framboðið er meira og þéttara en á síðasta á sumri. Garðabær hefur lagt áherslu á það við stærstu félögin að bjóða heilsdagsnámskeið þar sem til dæmis er hægt er að sækja mismunandi námskeið fyrir og eftir hádegi og hádegisgæsla er einnig í boði. Börn með sérþarfir eiga val um að sækja almenn námskeið með stuðningi eða sértæk námskeið.

Vegna lítillar íþróttaaðstöðu í Urriðaholti er stefnt að því að koma á móts við foreldra með tvennum hætti, annars vegar golfleikjaskóla Odds f.h. og íþróttaskóla Stjörnunnar e.h. og hins vegar með því að taka á móti börnum við Urriðaholtsskóla og fylgja þeim með strætó niður í Ásgarð þar sem mikið úrval námskeiða er í boði eins íþróttanámskeið og útlífsnámskeið.

Á Álftanesi verða Svanir með heilsdags námskeið en önnur félög þar með tilboð hálfan daginn.

Með þessu fyrirkomulagi sumarið 2023 verður enn frekar augin frítímaþjónusta fyrir börn í Garðabæ.

Linda Udengård, sviðsstjóri fræðslu- og menningarsviðs
Kári Jónsson, íþróttatómstunda- og forvarnarfulltrúi